Formaður dýraverndunarfélaganna kærir til rannsóknarlögreglu:

Skotvopnum beitt í kattadrápinu

„Það er óþolandi að menn læðist skjótandi á milli húsa í íbúðahverfum, þess vegna kærði ég," sagði Jórunn Sörensen formaður Sambands dýraverndunarfélaga Íslands. Jórunn kærði fyrir nokkrum dögum kattadráp í Kópavogi til Rannsóknarlögreglu ríkisins.

„Það hringdi til mín maður sem grunar að köttur sinn hafi farið fyrir lítið," sagði Jórunn. „Það sást til ferða vopnaðs manns við húsið og sögðu börn efti[illegible] að hann hefði náð fjórum köttum á sunnudag. Það getur ekki verið löglegt að menn gangi svona um skjótandi. Íbúar bæjarfélaga eiga ekki að líða slíkt.

Villikettir láta ekki ná sér á þennan hátt. Þeir hverfa um leið. Það eru því heimiliskettir sem nást. Eigendur katta í Kópavogi verða því að gera sér það ljóst að það er stórhættulegt að hafa kettina úti. Þá er ég ekki hress með þetta viðhorf til dýra. Þeir sem veiða villiketti í öðrum löndum fara öðru vísi að. Þeir nota gildrur sem lokast og síðan er dýrunum lógað á mannúðlegan hátt.

Ég veit ekki hvernig skotvopn eru notuð í þetta. Sennilega er það þó haglabyssa, varla er það riffill."

„Það er alltaf í gangi útrýming á villiköttum, það er ekkert nýtt," sagði Einar Sigurðsson, heilbrigðisfulltrúi Kópavogs, í framhaldi af ofangreindri kæru Jórunnar. Einar sagðist þó ekki hafa heyrt um þessa kæru en myndi kynna sér málið. Heilbrigðisfulltrúi sagði að mikið væri kvartað undan villiköttum. Þeir væru veiddir í búr, en þó gæti komið til þess að beita þyrfti skotvopnum ef erfitt væri að ná dýrunum. Yfirleitt væri þó ekki ætlast til þess nema eitthvað sérstakt kæmi til. Í því starfi væri ákveðinn maður með sérstakt leyfi lögreglustjóra. -JH.



Tíu ára gamall strákur úr Mosfellssveit, Snorri Júlíus Snorrason, fékk milljónasta hamborgarann. Hann er hér með mömmu, pabba og litla bróður. Talið frá vinstri Snorri, Jón Snorrason, Vilborg Rafnsdóttir og Rafn Jónsson. Og á bakvið er Tommi með milljónina gömlu, stórt plakat, sem Snorri fékk einnig.

DV-mynd: S.

Tíu ára strákur úr Mosfellssveit:

Fékk þann milljónasta

Það var ekki að spyrja að aðsókninni hjá Tomma í Tommaborgurum á sunnudaginn. Yfir tvö þúsund hamborgarar voru seldir við Grensásveginn þennan dag, enda var talsvert í húfi. Von var á milljónasta hamborgaranum, sem þýddi tíu þúsund krónur í verðlaun fyrir hinn heppna.

Og sá milljónasti skaut upp kollinum um klukkan átta um kvöldið. Sá er hann keypti, var tíu ára gamall strákur úr Mosfellssveit, Snorri Júlíus Jónsson.

Hann kom með mömmu, pabba og litla bróður og var heldur en ekki undrandi þegar hann vissi að hamborgarinn hans var sá eftirsótti.

Auk tíu þúsund króna ávísunar fékk Snorri milljón króna „ávísun" í gömlum. Stórt plakat sem eflaust á eftir að sóma sér vel heima.

Og þegar DV myndaði fjölskylduna í hamborgaraveislunni bar ekki á öðru en sá milljónasti væri með rétta bragðinu eins og hinir.

-JGH.

Fjölmiðlakönnunin:

DV mest selt í lausasölu

DV er mest selt í lausasölu allra dagblaðanna að því er fram kemur í fjölmiðlakönnun Sambands íslenskra auglýsingastofa sem framkvæmd var af Hagvangi í nóvember og desember síðastliðnum. Send voru spurningaeyðublöð til 1896 manna af 2000 manna úrtaki og fengust svör frá 70,5% þeirra.

Af þeim sem spurðir voru sögðust 16% einhvern tíma kaupa DV í lausasölu, 10,62% keyptu Morgunblaðið, 2,68% keyptu Tímann, 1,94% Þjóðviljann og 0,38% keyptu Alþýðublaðið í lausasölu. Hins vegar sögðust 17,02% einhvern tíma kaupa Helgarpóstinn.

Hafa verður það til hliðsjónar að Helgarpósturinn kemur aðeins út einu sinni í viku og er aðeins seldur í lausasölu. Áskrift að Helgarpóstinum hefur verið felld niður. Alþýðublaðið er hins vegar ekki fáanlegt í lausasölu að jafnaði.

Athyglisvert er hve miklu fleiri á aldrinum 16 til 19 ára kaupa frekar DV en Morgunblaðið, en Morgunblaðið eykur hlutdeild sína eftir því sem ofar færist í aldursflokkunum.

Í könnuninni var lausasölukaupendum blaðanna skipt niður eftir starfsstéttum. Mesta yfirburði hafði DV yfir Morgunblaðið meðal þeirra sem starfa í iðnaði eða sjávarútvegi. Af þeim sem starfa í iðnaði sögðust 19,94% kaupa DV en 9,49% Morgunblaðið, í sjávarútvegi keyptu 10,96% DV en 5,84% Morgunblaðið. Af þeim sem starfa í verslun keyptu 20,85% DV en 18,62% Morgunblaðið og í opinberri þjónustu var hlutfallið 14,55% fyrir DV en 11,87% fyrir Morgunblaðið. Önnur blöð voru mun lægri.

ÓEF

Hæstiréttur hækkaði bætur undirréttar:

„AÐALATRIÐIÐ AÐ ÞETTA ER BÚIÐ"

— sagði Einar Bollason, einn fjórmenninganna sem sátu saklausir í gæsluvarðhaldi

„Aðalatriðið er að þetta er búið. Það er það sem stendur upp úr," sagði Einar Bollason kennari í Kópavogi.

Hæstiréttur kvað í síðustu viku upp þann dóm að Einari, Magnúsi Leopoldssyni, Valdimar Olsen og Sigurbirni Eiríkssyni skyldu greiddar bætur frá 190 þúsundum til 236.500 króna með vöxtum frá 10. maí 1976. Eru þetta miskabætur vegna þess að fjórmenningarnir sátu saklausir í gæsluvarðhaldi um margra mánaða skeið. Hæstiréttur hækkaði bæturnar nokkuð frá því sem undirréttur dæmi þær.

„Auðvitað gleðst ég yfir því að Hæstiréttur skyldi hækka bæturnar. *Ég bar alla tíð fyllsta traust til þess að* það yrði gert," sagði Einar.

Tveir hæstaréttardómaranna vildu hafa bæturnar enn hærri, frá 230 til 270 þúsunda króna en aðeins með vöxtum frá deginum í gær. Þrír stóðu hins vegar að þeirri niðurstöðu sem fyrr greinir.

Einar var spurður að því hvort hann teldi að með þessum dómi hefði hann fengið uppreisn æru.

„Já, að svo miklu leyti sem það er hægt. En það geta engir peningar nokkurn tímann bætt þær þjáningar sem ég og fjölskylda mín urðum að þola," sagði hann.

-DS.



Verk no. 6. (67×29 cm). Brons. 1982 Ljósm. GBK.

Margræðar höggmyndir

Helgi Gíslason myndhöggvari sýnir um þessar mundir að Kjarvalsstöðum 26 höggmyndir frá síðastliðnum fjórum árum. Flest verkin eru unnin í brons.

Fáir myndhöggvarar

Eins og listunnendur hafa tekið eftir hefur lítið borið á hefðbundinni höggmyndalist í sýningarsölum borgarinnar á síðastliðnum árum. Og virðist myndhöggvurum fara fækkandi ef við höfum í huga að aðeins örfáir skúlptúrar voru sendir inn á sýningu ungu kynslóðarinnar, sem stóð yfir á Kjarvalsstöðum ekki alls fyrir löngu. Það eru eflaust til fjölmargar skýringar á þessum skúlptúrskorti, en þó hlýtur það að vera þungt á metunum að efnið er seinunnið, dýrt og erfitt í meðförum.

Það er því sannarlega gleðiefni þegar raunverulegir myndhöggvarar taka sig til og sýna, eins og Helgi Gíslason gerir nú, að Kjarvalsstöðum.

Klassísk höggmyndalist

Helgi Gíslason, sem fæddist 1947, á þegar nokkurn feril sem myndhöggvari, en hann vann á tímabili í smækkuðum umhverfisstúdíum, eins konar sósíal-realisma í þrívídd.

Í núverandi listsköpun hefur Helgi fjarlægst þessa beinu umhverfis og félagslegu skýrskotun og einbeitir sér þess í stað að mannslíkamanum. Útgangspunkturinn í þessum verkum virðist vera hin klassíska höggmyndalist, þar sem anatómían situr í fyrirrúmi. En líkskurðarfræðin er þó ekki í þessum verkum stoð fyrir

Myndlist

Gunnar B. Kvaran

neina raunsæislist. Listamaðurinn hefur einfaldað öll form og lagt áherslu á sterka og afgerandi efnisverkun.

Áhrifamikil verk

Þessir skúlptúrar Helga Gíslasonar eru vægast sagt áhrifamiklir og á sama tíma margræðir, þar sem efnið getur verið túlkað sem tjáning eða aðeins sem sjálfstæð sögn. Sama má segja um formið. Stendur það fyrir innri spennu eða er það stoð fyrir óhlutlæga efnisvirkni?

En það sem gefur þessum verkum ákveðið drama er þessi tæring eða upplausn, sem virðist búa bæði í efni og formi. Útlimalausir líkamar og sundurtært efnið gefa óneitanlega hugarflugi áhorfenda ákveðnar vísbendingar um óvægna hluti, eins og stríð og sjúkdóma. Sjálfur afneitar listamaðurinn alfarið að þessar myndir séu tengdar slíkum hugmyndum og segir þær aðeins efni og form, tilfinningalega túlkun listamannsins.

Falleg sýningarskrá

Það er enginn vafi að þessi verk eru sérstaklega athyglisverð og eflaust afgerandi endurnýjun í sköpun listamannsins. Þessi sýning er einnig einkar aðgengileg, þar sem fylgir ítarleg sýningarskrá, sem hefur að geyma minnisbrot úr hugleiðingum listamannsins og ágætt yfirlit yfir sögu bronsins. Þá eru einnig í sýningarskránni ljósmyndir sem sýna nákvæmlega vinnuferli efnis og verka.

GBK